# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 16

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ráðstöf. gert at útvega barninu kennslu.
Skrif. til H. Sv. 24/3. 85.

Þar eg hefi fullkomin 5 ár haldið barnið Guðrúnu dóttir Gils Guðnasonar með því skilirði að hann borgaði mér með henni, enn þar vantar mig frá hans hendi meðgjöfina firir nokkuð á annað ár og er orðin hálfhræddur um dráttá henni. barnið er á 12ta ári og þarf kenslu frá einhvurri síðu enn þar eg hefi ekki krapt til að sjá henni firir uppfræðingu, þá er það mín virðingarfillst bón til ...innar Heiðruðu Fatækrastjórnar Reykjavíkur að hún vildi veita þessu barni Barnaskóla kenslu það sem eftir er af þessu kensluári

virðingarfillst

Litlabæ 28 Januar 1885

Jon Helgason

Rkj 11/2 85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/2

ég vil ekki láta undan falla að minna ydur á
það sem við töludum þann 14 Februarius yfir
standandi nefndi lega það að eg er ovantan lögur til
að hísa Einar Olafsson í mínum husum eina
einastu nott nema með so feldu móti að þið heiðr.
heiðruðu Fátækra nefndi tiltand mier skila husláninu
til 14 Mai næstkomandi sem þikk þett eða af ukkur verði
þið að hirða ofanskrifaðan Ejnar Olafsson um
þenn næstkomandi manaðar mat

Sisti bær dag 26 Febr 1885

G Haldorsson

---

AB. Kristín hjá honum

---

Lagt fyrir fátækranefnd

EMJ.

Bfj. 155/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25 jan. 1885.

Herra Sæm. Sæmundsson
Elliðavatni.

Eptir umtali yðar við mig um daginn, þá hefur faðir minn beðið mig að láta yður vita að hann þakkar yður kærlega fyrir fyrirhöfnina og vill feginn fá þessa stúlku, sem þjer hafið einkar þæga, þareð hún getur verið í fjósi.

Vinsamlegast

Ólafur M. Stephensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur

fyrir hringingu
yfir Rannveigu Bjarnadóttir. 1.33.

Reykjavík þ: 7/3. 85.

Magnús Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 14. Jan. 1885.

Kæri vin!

Alúðarþökk fyrir sendinguna um daginn. –

Það gleður mig innilega að heyra, að Margrét litla sé heldur betri, og vona að guð gefi henni bata til fulls. –

Mig dreymdi í nótt, að einhver kæmi með bréf frá þér til mín, sem eg gat ekki fengið mig til að opna, af því eg var hræddur um, að það færði slæm tíðindi; en sem betur fór, frétti eg einmitt nú af Bergsi um batamerki.

–

Við eigum ekki Ólöfu, getum ekki átt hana, því aldurinn er réttur: fædd 13. ág. 1859 er hún ekki 16 ára fyrri en í ágúst 1875; 10 árin eru því ekki full enn. – En hér hefir hún dvalið alla tíð síðan 1873, nefnilega:

73 – 76 á Stóra-Seli

77 hjá Páli Jóhannessyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

78–79 hjá Hinriki Steinsen
80 hjá Geir
81 hjá Ísleifi Sigurðssyni snikkar
í Egilshúsi
82 í Dúkskoti
83 í Steinsholti hjá Hannessi.

Hún er fermd 28. Sept. 1873.
að eyri 1872.

Þetta allt í flýti til bráðabyrgða, því verið er að sækja mig fram á Nes til að skíra. Nákvæmar – eða í betra formi – seinna, ef óskast.

Þinn
Hallgr. Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólöf Vigfúsdóttir er fædd á
Sudur Reykjum í Mosfellssveit
13 Ákust 1859 —
flutist ad Stóraseli Reykjavík
Vorid 1872 —
Konfermeradist hier um
haustid sama ár þá komin
á fimtanda ár —
og svo hefur hún dvalid hier
sídann —
Vottar Eftir bestu Samvisku —

Vigfús Olafsson

13
3
10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur Sigríðar Benjamínsdóttir

| | Uttekið | kr | aur |
|---|---|---|---|
| 28 ℔ grjón 0,14 10 brauð 0,65 | 4 ℔ sykur 0,40 | 12 | 02 |
| 3 ℔ kaffi 0,60 1 ℔ export 0,40 | 5 ℔ B. bygg 0,14 | 3 | 32 |
| 4 ℔ tólg 0,50 4 ℔ smjör 0,70 | | 4 | 80 |
| | samtals | 20 | 14 |

Görðunum við Reykjavík 17 júlí 1885

G. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

×

Fyrir fyrirhöfn mína, viðvíkj-
andi Sigríði Benjamíns dóttir,
sem hjer var mánaðar tíma,
n.l. fyrir að koma henni og flutn
ingi hennar hjeðann, til skips
inni R.vík, set jeg upp, 2. kr

Gandaholti við Reykjavík, 13 Juni 1885

Þorsteinn Pjetursson

NB uppi bæjarsjóð

Til.

Bæjarfógetans í Reykjavík,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/9

Þjer hafið, herra bæjarfógeti, ritað hrepps-
nefndinni hjer í hreppi brjef dags. 4. júlí
næstl. þar sem þjer krefjizt þess, að Bisk-
upstungnahreppur endurgjaldi hið fyrsta
skuldir þriggja þurfamanna, Guðmundar
Pálssonar, Kristínar Guðmundardóttur og
Bjarna Þóroddssonar, er þeir standi í
við fátækrasjóð Reykjavíkur; út af þessu
vil jeg láta yður vita, að á fundi, sem
hreppsnefndarmennirnir áttu með sjer
hinn 23. þ. m. var það ályktað, að Bisk-
upstungnahreppur borgi skuld Kristínar
Guðmundardóttur, að upphæð 10 kr, og Bjarna
Þóroddssonar, að upphæð 10 kr, en eigi
skuld Guðmundar Pálssonar, þar eð
nefndinni getur eigi fundizt ástæða
til þess, því að bæði er hann sjálfbær
enn nokkrum vegum viðunanlegur, gengur
t. a. m. í skiprúm á vertíðum, og á
mörg börn uppkomin og efnileg.

Bj 600/85–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessar 20 – tuttugu – krónur, sem hrepps-
nefndin þannig lofar að borga
verða sendar yður eigi síðar en
á næstkomandi haustlestum.

Biskupstungnahreppi 29. ág. 1885

Hjörtur Eyvindsson
(oddviti)

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...ryps-
...a
... en
...r.
...y. 1885

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

## yfir flutnings- og byggingarkostnað á húsi Jóhanns Ringsted vorið 1885.

| 1885 | | Meðtekið krónur | aur | Goldið krónur | aur |
|---|---|---|---|---|---|
| Maí | An: Vinnulaun við Grunnhleðslu undir húsið | 25 | 15 | | |
| Júní | " Til hussins: 4 Málsborð 12 fóta 1/09. 2 Málsborð 11 fóta 0.92 | 6 | 20 | | |
| | " 2 Málsborð 8 fóta 0.67. 2 Málsborð 7 fóta 0.49. | 2 | 32 | | |
| | " 2 Flettingar hefl. 14 fóta 0.95 4 Tyje 5 al. 1/15 | 6 | 50 | | |
| | " 2 plægð Borð 9 fóta 0.75 7 Málsborð 10 fóta 0.85 | 7 | 45 | | |
| | " 1 Halfplanki 12 fóta 0.84 1 Halfplanki 10 f. 0.70 | 1 | 54 | | |
| | " 13 Flettingar hefl. 14 f. 0.95 3000, 4" Stifti 0.40 | 12 | 95 | | |
| | " 2 pk. 3½" Stifti 1/75 1 pk 3" Stifti 1/25 100 Naglar 6" 1/80 | 6 | 55 | | |
| | " 2 1/10 Stifti 4" 0.12 100 Stifti 1¼" 1/28 100 Stifti 1" 0/06 | 2 | 66 | | |
| | " 2½ pk. Pappsaum pr 8/25 1 pk Pappsaum 1/00 Naglaborj. 1/24 | 9 | 47 | | |
| | " 2 Hurðarhringir 0.03 Borgað fyrir að bera timbur 0.50 | 0 | 56 | | |
| | " 11 Rúður 0.30 6 rúll. Þakpappi 5/00 | 33 | 30 | | |
| | " 1 tnp. Kalk 10/00 ½ skp. Eldf. Leir pr 0.90 | 10 | 90 | | |
| | " 1½ kt. Holtjara 1/65 1 Tjörukúst 1/10 | 3 | 58 | | |
| | " 1 Hurðarskrá 2,25 Skrúfur pr 0.09. | 2 | 34 | | |
| | " Ennfremur: Borðviður keyptur af O. Wathne pr | 18 | 00 | | |
| | " Borgað ýmsum fyrir tilhjálp við að flytja húsið út á Vestdalseyri | 18 | 70 | | |
| | Borgað trjesmið Gísla Jónssyni fyrir að setja húsið upp og gera það fært til íbúðar | 140 | 00 | | |
| | Krónur | 308 | 17 | | |
| | Ennfremur: borgað fyrir að rífa húsið og flytja til sjáfar viðina | 30 | 00 | | |
| | Samtals krónur | 338 | 17 | | |

Að ofanskrifaður reikningur sje samhljóða höfuðbók Gránufjelagsverzlunar á Vestdalseyri vottast hjermeð notarialiter eptir nákvæman samanburð

Notarialskrifstofu Norðurmúlasýslu, 27. júní 1887

Einar Thorlacius

Gjald
25 – tuttugu og fimm – aurar
Ein.

NORÐURMÚLA-
SÝSLA

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/3

Hjermeð leyfi jeg mjer enn á ný að skora á yður, herra bæjarfógeti, að sjá um, að sonur minn Pjetur, sem hvarf frá mjer í gær þá [illegible] fór að heiman verði samstundis fluttur heim til mín eða þjer annist upp hann framvegis upp á yðar eigin ábyrgð.

Reykjavík, 13. Marz 1885.

Virðingarfyllst.

Páll Eyjúlfsson

Til bæjarfógetans í Reykjavík

N:o 1

Lagt fram á bæjarþingi 14/3 1885

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

medt. 13/3

Enn fremur leyfi eg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, nærföt þau sem Pjetri syni mínum klæðnuðust í vetur, ásamt tvennum sokkum.

Reykjavík 13. Marz 1885.

Viðingarfyllst.

Páll Eyjólfsson.

No 2.

Lagt fram í lögreglurjetti 14/3. 1885

Ellefsmann

Til bæjarfógetans í Reykjavík

Ð 200/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að herra bæjarfógeti E. Th. Jónassen hafi borgað mér húsaleigu fyrir húsrúm það, er eg hefi leigt honum í húsi mínu við Hlíðarhúsaveg handa Margréti Steinunni Björnsdóttur og börnum hennar. 6 krónur, viðurkennist.

Reykjavík h. 5. júlí 1885

Sveinn Ólafsson

Bj 441/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/6.85

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi frá 3. þessa mán., óskað ítarlegri skýrslu um nokkur atriði viðvíkjandi vern Einar Jónssonar, sem kenndur er við Hala, hér í bænum.

Hvorki 1867, 1868 eða 1869 finnst Einar í sálnaregistrunum tilfærður í Lambhól í Seltjarnarneshreppi, sem ekki heldur er að vænta, þar sem býlið Lambhóll fyrst er til 1870. Á þessum sömu árum hefi eg leitað Einars í Pálsbæ hjá Karitasi, en ekki fundið hann. En árið 1870 er hann þar vinnumaður; 1871 eru þau Einar og Hallfríður talin hjá Oddi í Hallbæ, en 1872 og 1873 í húsmennsku í Hala. Um tímann þar á eptir skírskota eg til skýrslu minnar 14. Febr. í vetur. —

Munnlega sagði Einar mér, er eg hitti hann ídag, og minntist á ónákvæmar framburð hans um verustaði sína, að það væri misminni sitt, er hann hefði talið sig í Lambhól, en að það væri svo að skilja, að hann hefði verið hjá

Ejj. 38i/85

Magnúsi, sem nú er í Lambhól, en að Magnúsi hefði þá átt heima í Görðunum. – Eptir þessu leitaði eg í Görðum, og fann þar engan Einar 1867, en þar á móti 1868. Næsta ár var Einar ekki í Görðum, og ekki heldur hjá Magnúsi, sem þá var í Þorsteinskoti. –

Eptir ofanskráðu hefir Einar komið til Kaupstaðar, ekki verið 1867, heldur verið 1870; en frá Magnúsi virðist hann þá ekki hafa komið, því 1869 finnst hann á engum af ofannefndum stöðum.

Reykjavík, 5. Júní 1885.

Hallgrímur Sveinsson.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magn-
þeim
inar
nar
ri,

Bari-
Magn-
69
inn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/2 85

Fyrirspurn yðar, herra bæjarfógeti, um dvöl Einars Jónssonar í Hala hér í bænum, skal eg hérmeð svara á þessa leið, eptir húsvitjunarbókunum:

Mér er ekki kunnugt, að Einar hafi nokkurntíma á síðustu 10–12 árum verið vinnumaður Odds í Hallsbæ. Eg finn Einar fyrst skrifaðan um árslok 1874, og síðan hefir hann stöðugt dvalið hér, og einlægt verið skrifaður húsmaður (o: talinn fyrir heimili), en aldrei sem annara hjú. Árin 1874–78 var hjá honum Hallfríður Símonardóttir, sem átti barn með honum; dvöldu þau fyrst 2 ár í Móhúsum, svo eitt ár á Grund, og síðast 2 ár á Vegamótum. Eptir dauða Hallfríðar var hann 1 ár í Melshúsum, 2 ár í Sandagerði, svo aptur 2 ár í Melshúsum. Hafi hann fyrst í Febr. 1876 fengið bæjarleyfi, hlýtur hann árin 1874 til 1876 að

Bfj 128/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa verið hér í <u>ólöglegri</u> eða <u>leyfislausri</u> húsmennsku, sem þá naumast getur áunnið honum hér sveitfesti.

Reykjavík, 14. Februar 1885.

Hallgrímur Sveinsson

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1885
45
1840

f. 1840
Confirm. 1854

| | | |
|---|---|---|
| 1854 – 55 | Mfhl. | |
| 1855 – 56 | do | |
| 1856 – 57 | Mun. | |
| 1858 – 58 | Rholt. | |
| 1859 – 60 | Laugh. | |
| 1860 – 61 | Búst. | |
| 1861 – 62 | | |
| 1862 . 63 | | |
| 1863 – 65 | Vatn. | |
| 1865 – 66 | Árbæ | |
| 1866 – 67 | Lambh. | |
| 1867 – 68 | Pálsh. | |
| 1869 – 70 | tij. Oddi | |
| 1870 – 72 | Hala | |
| 1872 . 73 | Móhús. | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með barninu Oddi Siggeirs

Í fátækranefnd Reykjavíkur 3. dag

Elli Jónassen

Ávísast úr bæjarsjóði (áætl. III 1. b. 1.)

20. kr. , a.

Í fjárhagsnefnd Reykjavíkur 3. dag

Elli Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hrísnesi 30 august 188[illegible]

Elskulega dóttir mín!

Í alt sumar hef jeg nú ætlað að skrifa þjer en aldrei orðið fyrri en nú.

Kríngumstæður mínar eru nú orðnar talsvert breyttar við það sem var þegar jeg seinast skrifaði þjer. jeg er nú gipt og bý á þessari jörð, maður minn heytir Vigfús og er barnlaus ekkju-maður við erum við búskap efni en harðindin eru svo mykil alstaðar að gnaður hefur fult í fángi að halda við. svo ástæður mínar lík-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki að styrkja þig
síður það sem minnar fóstur
þinn en mykil ánægja
væri mjer að því komið til
mín því maður minn
hefur leift mjer að taka
þig ef Faðir þinn vill
láta þig, en með því að
að jeg hef reynt að hann
og stjúpa þín eigi börn
sem því líklega fóstrar
eftir onegni þá kanske
þau vili ekki því farið
í burtu, en jeg vona svo
góðs til hans að hann samt
lofi þjer að koma anægva
ferð til mín að sumri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Komanda ef Guð lofar
okkur að lifa þetta er
nú aðalefni bréfsins,
best er að fara með ferð
sem skipið á að koma
við í Flatey og fara þar
af því, því þar skal þjer
vera veitt móttaka, þó
jeg geti ekki núna sendt
þjer peninga fyrir ferðinni
vona jeg hann reini að
hjálpa það því ef Guð lofar
okkur hjónunum að lifa þá
skuluð þið ekki kosta hina
ferðina.

Jeg bið hjartanlega
að heilsa ~~[illegible]~~ fóstra þínum
og stjúpu. Guð sje hjá
þjer ætíð elskan barnið mitt
eins og óskar þín elskandi
Þuríður Þorsteinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hrísnesi 7 maí 1887

Heiðraða vinkona!

Jeg þakka þjer ~~yður~~ fyrir meðferð á Haldóru minni,—

Það er nú efni þessa miða að biðja þig að láta mig vita, hvernig stendur á þessari skuldakröfu, sem til mín er gjörð, fyrir meðgjöf með Haldóru dóttir minni, þar jeg beiddist eptir að taka hana ári áður en faðir hennar dó, þá máttir þú sjálf vita, að þjer var óhætt að senda mjer hana jafnframt brjefi því, er þú skrifaðir mjer um dauðsfall hans, þessvegna veit jeg ekki skildu mína, að borga þessa skuld, þar hún gat ekki uppalist á efnum föður síns, þá þótti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer óþarfi, að halda henni þar, uppá þann
máta að vera á sveit.— Nú vil jeg biðja
þig að sýna Fógetanum þetta brjef svo hann
sjái alla málavöxtu, og svo vona jeg til
að hann skrifi mjer, og segi hver rök
eigi til að jeg borgi þessa skuld þar svona
stendur á. ———

Kveð jeg þig svo með óskum
besta og vinsemd

Þuríður Þorsteinsdóttir

Halldóra biður kjærlega að heilsa þjer og systkin-
um sínum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann

biðja

n

til

l

vonu

m

ttir

skin-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Ekkjunnar Málfríðar Einarsdóttir

í Töftum

í/ Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur